

BORGARRÁÐ 12. nóvember 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um uppsagnir á þjónustu- og nýsköpunarsviði - R20110200

Fulltrúi Flokks fólksins hefur frétt að búið sé að segja upp nokkrum tölvunarfræðingum hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði Reykjavíkurborgar. Frést hefur að útvista eigi verkefnum. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvað er meint með því að útvista þessum verkefnum. Ahyggjur eru af þessu sviði og hvernig farið er með starfsmenn þess. Á velferðarráðsfundi frá því í sumar voru birtar niðurstöður könnunar um einelti. Samkvæmt henni hefur vanlíðan í starfi farið vaxandi. Lagðar voru fram niðurstöður viðhorfskönnunar starfsmanna á fundi velferðarráðs 25. maí 2020. Spurt var um hvort fólk hafi orðið fyrir áreitni og einelti frá samstarfsfólki. Prósentutala þess þáttar hafði hækkað og verst komu niðurstöður út hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði. Flokkur fólksins væntir þess að athugað verði hver sé vandinn hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði og að borgarfulltrúar verði upplýstir um þær niðurstöður. Kominn er e.t.v. tími til að innri endurskoðun taki út sviðið. Uppsagnir og útvistun verkefna er merki þess að ekki er allt með felldu. Með hverri útvistun tapast sérþekking hjá borginni. Með útvistun missir borgin bæði yfirsýn og stjórnkerfið missir mátt. Í borginni voru starfandi sérfræðingar á sviðinu sem hægt var að leita til, en nú hefur mörgum verið sagt upp og verkum útvistað.